


# ÍBÚÐ G


Íbúðin skiptist í eldhús, stofu, tvö svefnherbergi og baðherbergi. Úr stofu er gengið út á svalir með svalaskjóli.

Allar innréttingar eru úr melamíni með viðaráferð. Í eldhúsi er L-laga eldhúsinnrétting, bakaraofn í borðhæð, uppþvottavél og keramik helluborð. Flísalagt er milli efri og neðri skápa. Á gólfum er harðparket nema á baðherbergi þar sem allur gólfhlötur er flísalagður með hindrunarlausu aðgengi að sturtusvæði.



Veggir á baðherbergi eru flísalagðir í hurðarhæð. Salerni er upphengt og á vegg er handklæðaofn. Tenging er fyrir þvottavél og þurrkara. Skápar eru í stærra svefnherbergi og í forstofu. Sólbekkir eru í stofugluggum. Ljósúplar eru í forstofu, á baðherbergi og í eldhúsi, þar er einnig ljósstæði undir efri skápum. Sérgeymsla er á jarðhæð. Hjóla- og rafskutlugeymsla er í götuhæð. Allar íbúðir eru búnar myndavéladyrasíma.

## STAÐSETNING Í BYGGINGUNNI



ÍBÚÐ NR:	106	209
Íbúð	77 m <sup>2</sup>	79 m <sup>2</sup>
Geymsla	7 m <sup>2</sup>	7 m <sup>2</sup>
Alls	84 m <sup>2</sup>	86 m <sup>2</sup>



Naustavör er dótturfélag Sjómannadagsráðs

# NAUSTAVÖR

Öryggi | Afþreying | Þjónusta